# SKÝRSLA OG REIKNINGAR 1994



71. ÁRSÞING
FÉLAGSGARÐI, KJÓS
19. FEBRÚAR 1995

# Ársskýrsla 1994

## Efnisyfirlit

Dagskrá 71. ársþings UMSK ... 2

Fulltrúar á 71. ársþingi UMSK ... 3

Ávarp formanns ... 4

Skýrsla stjórnar ... 5

- 70. ársþing UMSK 6
- Stjórn UMSK 1994 - 1995 7
- Aðildarfélög UMSK 8
- 62. Íþróttaþing 13
- Samkomur og fundir 14
- Skrifstofan 15
- Fréttabréf UMSK 15
- 21. landsmót UMFÍ 16
- Ný félög 20
- Starfsskýrslur 21
- Knattspyrnunefnd 21
- Sundnefnd 22
- Frjálsíþróttanefnd 26
- Skólahlaup 28
- Getraunir 30
- Lottó 32
- Starfsmerki UMSK 35
- Afreksmenn UMSK 37
- Íþróttaiðkendur UMSK 38

Lög UMSK ... 40

Reglur um heiðursviðurkenningar ... 44

Reglur um sérnefndir ... 45

Reikningar ... 47

# Dagskrá 71. ársþings UMSK

Haldið í Félagsgarði, Kjós
19. febrúar 1995.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Þingsetning. | kl. 10:00 |
| 2. | Kosning fyrsta og annars þingforseta. | kl. 10:10 |
| 3. | Kosning fyrsta og annars þingritara. | kl. 10:13 |
| 4. | Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. | kl. 10:16 |
| 5. | Skýrsla stjórnar lögð fram. | kl. 10:20 |
| 6. | Endurskoðaðir reikningar lagðir fram. | kl. 10:40 |
| 7. | Ávörp gesta. | kl. 10:25 |
| 8. | Álit kjörbréfanefndar. | kl. 11:10 |
| 9. | Staðfesting á aðild nýrra félaga. | kl. 11:20 |
| 10. | Umræður um skýrslu stjórnar. | kl. 11:30 |
| 11. | Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga | kl. 11:45 |
| | MATARHLÉ. | kl. 12:00 |
| 12. | Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal þriggja manna kjörnefnd. | kl. 13:00 |
| 13. | Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram. | kl. 13:10 |
| 14. | Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram. | kl. 13:15 |
| 15. | Aðrar tillögur lagðar fram. | kl. 13:20 |
| 16. | Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir. | kl. 13:30 |
| 17. | Afgreiðsla á áliti nefnda. | kl. 15:00 |
| 18. | Önnur mál | kl. 16:00 |
| 19. | Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.<br>a. Kosning formanns.<br>b. Kosning tveggja stjórnarmanna.<br>c. Kosning þriggja manna í varastjórn.<br>d. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara.<br>e. Kosning í héraðsdómstól. | kl. 16:30 |
| 20. | Þingslit | kl. 17:00 |

# Þingfulltrúar á 71. ársþingi UMSK

## Fulltrúafjöldi sambandsaðila:

| | Félag | sk.sk. fél. | fullt. |
|---|---|---|---|
| 1. | Umf. Afturelding. | 1165 | 9 |
| 2. | Umf. Drengur. | 76 | 1 |
| 3. | Umf. Kjalnesinga. | 284 | 3 |
| 4. | Umf. Bessastaðahrepps. | 211 | 2 |
| 5. | Umf. Breiðablik. | 1536 | 9 |
| 6. | Umf. Stjarnan. | 1153 | 9 |
| 7. | Íþróttafélagið Grótta. | 426 | 4 |
| 8. | Handknattleiksfélag Kópavogs. | 795 | 8 |
| 9. | Íþróttafélagið Gerpla. | 672 | 7 |
| 10. | Siglingafélagið Ýmir. | 223 | 2 |
| 11. | Siglingaklúbburinn Vogur. | 27 | 1 |
| 12. | Golfklúbburinn Kjölur. | 243 | 2 |
| 13. | Siglingafélagið Sigurfari. | 149 | 1 |
| 14. | Íþróttafélagið Gáski. | 51 | 1 |
| 15. | Íþróttafélagið Hlynur. | 62 | 1 |
| 16. | Íþróttafélagið Tjaldur. | 23 | 1 |
| 17. | Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar. | 227 | 2 |
| 18. | Knattspyrnufélagið Hvatberar. | 29 | 1 |
| 19. | Hestaíþróttafélagið Hörður. | 304 | 3 |
| 20. | Íþróttad. Hestamannaf. Gusts. | 374 | 4 |
| 21. | Skotfélag Kópavogs. | 70 | 1 |
| 22. | Keilufélag Garðabæjar. | 169 | 2 |
| 23. | Íþróttad. Hestamannaf. Andvara. | 211 | 2 |
| 24. | Tennisfélag Kópavogs. | 109 | 1 |
| 25. | Golfklúbbur Bakkakots. | 121 | 1 |
| 26. | Golfklúbbur Hvammsvíkur. | 24 | 1 |
| | | 8722 | 80 |
| Ný félög: | | | |
| 27. | Golfklúbburinn Oddur. | 12 | (1) |
| 28. | Íþróttadeild Sóta. | 62 | (1) |
| 29. | Knattspyrnufélagið Augnablik. | 12 | (1) |
| 30. | Golfklúbbur Ness. | 196 | (2) |
| | | 9004 | (85) |

# Ávarp formanns

Nú er enn einu starfsári sambadnsins lokið. UMSK tók að sjálfsögðu þátt í Landsmóti Ungmennafélags Íslands, sem haldið var á Laugarvatni. Þangað mættum við með u.þ.b. tvöhundruð manna keppnislið ásmt þjálfurum og fararstjórn, alls á fjórða hundrað manns. Ekki náðist að halda í Landsmótsbikarinn en margir góðir sigrar unnust. Nánar er skýrt frá gengi liðsins í skýrslu landsmótsnefndar.

Þegar árið er liðið lítur maður gjarnan til baka og skoðar hvað hefur markvert gerst á liðnu ári. fyrir utan landsmótið hafa margir hlutir verið í gangi hjá sambandinu s.s. héraðsmót í hinum ýmsu greinum ásamt hinu árlega skólahlaupi.

Á árinu unnust mörg ágæt afrek á hinum ýmsu mótum. Hæst ber að nefna tvöfaldur sigur meistaraflokks kvenna hjá Breiðabliki í knattspyrnu. Stelpurnar stóðu sig frábærlega og hafa sennilega aldrei verið betri. Ekki má gleyma að HK-ingar urðu Íslandsmeistarar í blaki annað árið í röð. Lið UMSK í frjálsum náði þriðja sæti í bikarkeppni FRÍ en liðið er skipað mjög efnilegu frjálsíþróttafólki sem öll eiga framtíðina fyrir sér. Þá urðu stúlkur úr Gerplu Íslandsmeistarar 2. árið í röð í hópkeppni.

Fjármál sambandsins hafa verið í mjög góðu horfi, þó svo að flest sveitarfélög á sambandssvæðinu hafi ekki séð sér fært að styrkja sambandið. Þátttakan á landsmótinu var okkar fólki að kostnaðarlausu en sambandið hafði undanfarin ár lagt til hliðar fé til þess að gera landsmótsþátttöku sem auðveldasta. Auðvitað var leitað til fyrirtækja með stuðning við liðið og fengust matvæli hjá fjölmörgum fyrirtækjum í mötuneytið okkar frítt eða fyrir lítinn pening. Síðan var það Einar J. Skúlason h.f. sem var aðalstyrktaraðili liðsins á mótinu.

Á sumri komanda verður haldið Unglingalandsmót UMFÍ á Blönduósi. Ég hvet alla til þátttöku í því móti. Mót sem þetta hefur einu sinni verið haldið áður en það var haldið á Dalvík árið 1993. Mótið þótti takast mjög vel og var eitt skemmtilegasta mót sem haldið hefur verið fyrir þennan aldurshóp.

Ég vil að lokum þakka því góða fólki sem situr í stjórn með mér fyrir þeirra frábæru störf, sem og öllum sem tóku þátt í landsmótsundirbúningnum á síðasta ári. Þá þakka ég Birgir Ara Hilmarssyni fyrir hans góðu störf á skrifstofu sambandsins.

Íslandi allt
Svanur M. Gestsson




*Páll Aðalsteinsson 2. þingforseti á 70. ársþingi UMSK í ræðustól. Á myndinni eru einnig, Ólafur Briem 1. þingritari t.v. og Páll Magnússon 1. þingforseti t.h.*



*Þingritarar 70. ársþings UMSK, Albert H.N. Valdimarsson t.v. og Ólafur Briem t.h.*

# Skýrsla stjórnar 1994-1995

Skýrslan var unnin af Birgi Ara Hilmarssyni í janúar og febrúar. Höfundar efnis eru Svanur M. Gestsson, Eiríkur Jensson og Birgir Ari Hilmarsson.

Myndir eru úr myndasafni UMSK. Á forsíðumyndinni eru þær Kristrún Lilja Daðadóttir og Katrín Jónsdóttir að fagna einu af fjölmörgum mörkum sem Breiðabliksstúlkur gerðu í íslandsmótinu í knattspyrnu s.l. sumar.

| | |
|---|---|
| Hönnun kápu: | Jone |
| Prentun kápu: | Garðaprent |
| Fjölritun: | Stensill |

# 70. ársþing UMSK

70. Ársþing UMSK var haldið í HK-húsinu Digranesi sunnudaginn 27. febrúar sl. Alls áttu 78 fulltrúar frá sambandsaðilum rétt til setu á þinginu en 40 mættu til þings.

Svanur M. Gestsson, formaður UMSK setti þingið kl. 10:00 og bauð þingfulltrúa velkomna til þings. Þingforsetar voru þeir Páll Magnússon HK og Páll Aðalsteinsson UMFA og þingritarar Ólafur Briem og Albert H.N. Valdimarsson báðir úr HK.

Gestir þingsins voru Hafsteinn Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, Þórir Jónsson formaður UMFÍ, Ólína Sveinsdóttir stjórn UMFÍ og Pálmi Gíslason fyrrverandi formaður UMFÍ.

Í fundarhléi bauð bæjarstjórn Kópavogs til hádegisverðar á veitingastaðnum Mömmu Rósu. Þá voru að venju veittar viðurkenningar til afreksmanna á sviðum íþrótta og félagsmála innan sambandsins. Fyrst var veittur Félagsmálaskjöldur UMSK og hlaut hann Pálmi Gíslason UBK fyrrverandi formaður UMFÍ, Afreksbikar UMSK hlaut Sigurbjörg Ólafsdóttir fimleikakona úr Stjörnunni, UMFÍ-bikarinn hlaut meistarflokkur HK í blaki, Frjálsíþrótta-bikarinn hlaut Fríða Rún Þórðardóttir UMFA og Sundbikar UMSK Tómas Sturlaugsson UBK.

Að þessu sinni voru sæmdir starfsmerki Bergþóra Sigmundsdóttir Stjörnunni, Daníel Benjamínsson UMFA, Gylfi Þ. Sigurpálsson UBK, Guðmundur Karlsson HK, Hafsteinn Pálsson UMFA, Sigríður Stefánsdóttir Gerplu og Víðir Sigurðsson HK. Einnig var sæmdur silfurmerki UMSK Steinn Jónsson Gróttu. Þá átti einnig að sæma þá Andrés Pétursson UBK, Finn Kristinsson HK og Grétar Bergsson HK starfsmerki UMSK en þeir voru ekki mættir svo þeim verður afhent merkið við fyrsta tækifæri. Þá afhenti formaður UMSK forsvarsmönnum sveitarfélaganna sem og aðildarfélagum UMSK eintök af bókinni "Saga Landsmóta UMFÍ 1909 - 1990" að gjöf.

Þingið gekk mjög vel og voru ýmis mál rædd. Bar þar mest á umræðu um trygginga- og skattamál íþróttahreyfingarinnar. Þá var einnig rætt um Landsmót UMFÍ sem fram fer á Laugarvatni nú í sumar.

Engar breytingar urðu á stjórn á þessu þingi og má sjá yfirlit yfir stjórnina á næstu síðu.

# Stjórn UMSK

Á 70. ársþingi UMSK urðu engar breytingar á stjórn sambandsins. Svanur M. Gestsson var endurkjörinn formaður UMSK. Margrét Guðmundsdóttir og Guðrún Magnúsdóttir voru endurkjörnar í aðalstjórn til tveggja ára. Ester Jónsdóttir og Hraunar Daníelsson sátu áfram á seinna ári. Þá voru Albert H.N. Valdimarsson, Sigurjón Guðfinnsson og Örn Harðarson allir endurkjörnir í varastjórn.

Formaður



Svanur M. Gestsson
UMFA

Varaformaður



Hraunar Daníelsson
UBK

Ritari



Ester Jónsdóttir
UBK

Gjaldkeri



Margrét Guðmundsdóttir
Gerplu

Meðstjórnandi



Guðrún Magnúsdóttir
UMFA

Varastjórn



Örn Harðarson
Herði

Varastjórn



Albert H.N. Valdimarsson
HK

Varastjórn



Sigurjón Guðfinnsson
KGB

Þegar þetta er ritað hafa verið haldnir 13 formlegir stjórnarfundir.

# Aðildarfélög UMSK 1994

## 1. Afturelding

Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 854 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 1165 |
| Alls: | 2019 |

Félagið stofnað: 11. apríl 1909

Formaður: Hilmir Ágústsson

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Badmintondeild: | Sigríður Sigurðardóttir |
| Frjálsíþróttadeild: | Lilja Petra Ásgeirsdóttir |
| Handknattleiksdeild: | Jóhann Guðjónsson |
| Knattspyrnudeild: | Gunnar Ingi Gunnarsson |
| Körfuknattleiksdeild: | Halldór Bjarnason |
| Sunddeild: | Guðmundur Þ. Guðmundsson |
| ÍFA-deild: | Elías Níelsson |

## 2. Drengur

Ungmennafélagið Drengur, Kjós

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 18 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 76 |
| Alls: | 94 |

Félagið stofnað: 1. ágúst 1915

Formaður: Hermann Ingólfsson

## 3. UMFK

Ungmennafélag Kjalnesinga

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 131 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 284 |
| Alls: | 415 |

Félagið stofnað: 26. maí 1938

Formaður: Snorri Hauksson

## 4. UMFB

Ungmennafélag Bessastaðahrepps

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 184 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 211 |
| Alls: | 395 |

Félagið stofnað: 6. janúar 1946

Formaður: Kjartan Sigtryggsson

## 5. Breiðablik

Ungmennafélagið Breiðablik, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 703 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 1536 |
| Alls: | 2239 |

Félagið stofnað: 12. febrúar 1950

Formaður: Logi Kristjánsson

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Frjálsíþróttadeild: | Hreinn Jónasson |
| Handknattleiksdeild: | Agnar Logi Axelsson |
| Karatedeild: | Ævar Þorsteinsson |
| Knattspyrnudeild: | Sveinn Ingvason |
| Kvennadeild: | Birna Guðmundsdóttir |
| Körfuknattleiksdeild: | Jóhann Árnason |
| Ruðningsdeild: | Sveinn Sigurðarson |
| Skíðadeild: | Guðmundur Þór Björnsson |
| Sunddeild: | Eiríkur Jensson |
| Tennisdeild: | Alexander Þórisson |

## 6. Stjarnan

Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 1094 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 1153 |
| Alls: | 2247 |

Félagið stofnað: 30. nóvember 1960

Formaður: Lárus Blöndal

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Blakdeild: | Þór Bæring Ólafsson |
| Borðtennisdeild: | Albrect Ehmann |
| Fimleikadeild: | Pálína Hinriksdóttir |
| Handknattleiksdeild: | Bergþóra Sigmundsdóttir |
| Karatedeild: | Gunnar J. Briem |
| Knattspyrnudeild: | Þórður Ingason |
| Sunddeild: | Elísabet Böðvarsdóttir |

## 7. Grótta

Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 558 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 426 |
| Alls: | 984 |

Félagið stofnað: 24. apríl 1967

Formaður: Bjarni Torfi Álfþórsson

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Fimleikadeild: | Herdís Finnbogadóttir |
| Handknattleiksdeild: | Árni Einarsson |
| Knattspyrnudeild: | Björgvin B. Schram |

## 8. HK

Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 615 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 795 |
| Alls: | 1410 |

Félagið stofnað: 26. janúar 1970

Formaður: Þorsteinn Einarsson

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Blakdeild: | Albert H.N. Valdimarsson |
| Borðtennisdeild: | Gunnar Þór Finnbjörnsson |
| Handknattleiksdeild: | Rögnvaldur Guðmundsson |
| Keiludeild: | Guðmundur Jón Jónsson |
| Knattspyrnudeild: | Sigvaldi Einarsson |
| Kraftlyftingadeild: | Birgir Þorsteinsson |
| Körfuknattleiksdeild: | Ómar Geir Þorgeirsson |

## 9. Gerpla

Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 844 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 672 |
| Alls: | 1516 |

Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Ingvar Árnason.

**Formenn deilda:**
Fimleikadeild: Auður Gunnarsdóttir

## 10. Ýmir

Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 95 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 223 |
| Alls: | 318 |

Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Páll Hreinsson

## 11. Vogur

Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 29 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 27 |
| Alls: | 56 |

Félagið stofnað: 1974
Formaður: Róbert Kristmundsson

## 12. Kjölur

Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 39 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 243 |
| Alls: | 282 |

Félagið stofnað: 5. desember 1980
Formaður: Davíð Helgason

## 13. Sigurfari

Siglingafélagið Sigurfari, Seltjarnarnesi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 2 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 149 |
| Alls: | 151 |

Félagið stofnað: 1981
Formaður: Hjörtur Hjartarson

## 14. Gáski

Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 1 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 51 |
| Alls: | 52 |

Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon

## 15. Hlynur

Íþróttafélagið Hlynur, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 62 |
| Alls: | 62 |

Félagið stofnað: 14. júní 1983

## 16. Tjaldur

Íþróttafélagið Tjaldur, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 23 |
| Alls: | 23 |

Félagið stofnað: 1984
Formaður: Gyða Vigfúsdóttir

## 17. GKG

Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 55 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 227 |
| Alls: | 282 |

Félagið stofnað: 17. apríl 1986
Formaður: Finnur Jónsson

## 18. Hvatberar

Knattspyrnufélagið Hvatberar, Seltjarnarnesi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 29 |
| Alls: | 29 |

Félagið stofnað: 21. janúar 1987
Formaður: Sigurður F. Meyvatnsson

## 19. Hörður

Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 94 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 304 |
| Alls: | 398 |

Félagið stofnað: 1979
Formaður: Rúnar Sigurpálsson

## 20. Gustur

Íþróttadeild Hestamannaf. Gusts, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 89 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 374 |
| Alls: | 463 |

Félagið stofnað: 26. febrúar 1980
Formaður: Sævar Kristjánsson

## 21. SFK

Skotfélag Kópavogs, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 1 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 70 |
| Alls: | 71 |

Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Halldór Jónsson

## 22. KGB

Keilufélag Garðabæjar, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 71 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 169 |
| Alls: | 240 |

Félagið stofnað: 25. maí 1989
Formaður: Halldór Snorrason

## 23. Andvari

Íþróttadeild Hestamannaf. Andvara, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 53 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 211 |
| Alls: | 264 |

Félagið stofnað: 13. febrúar 1986
Formaður: Sigurður Ragnarsson

## 24. TFK

Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 79 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 109 |
| Alls: | 188 |

Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Guðríður Þorsteinsdóttir

## 25. GOB

Golfklúbbur Bakkakots, Mosfellsdal

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 121 |
| Alls: | 121 |

Félagið stofnað: 15. júní 1991
Formaður: Guðmundur T. Magnússon

## 26. GKH

Golfklúbbur Hvammsvíkur, Kjós

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 1 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 24 |
| Alls: | 25 |

Félagið stofnað: 29. apríl 1992
Formaður: Kolbeinn Sigurjónsson

## 27. GO

Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 12 |
| Alls: | 12 |

Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Óskar G. Sigurðsson

## 28. Sóti

Íþróttad. Hestamannaf. Sóta, Bessastaðahreppi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 21 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 62 |
| Alls: | 83 |

Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökulsson

## 29. NK

Golfklúbbur Ness

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 2 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 196 |
| Alls: | 198 |

Félagið stofnað: 1964
Formaður: Hörður Bergsteinsson

## 30. Augnablik

Knattspyrnufélagið Augnablik

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga Yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 12 |
| Alls: | 12 |

Félagið stofnað: 1981
Formaður: Tómas Eiríksson

# 62. Íþróttaþing

62. Íþróttaþing var haldið í Íþróttamiðstöðinni Ásgarði í Garðabæ dagana 15. og 16. október s.l.

UMSK átti rétt á 13 aðalfulltrúum á þetta þing og voru að sjálfsögðu öll sætin notuð. Þingið nú var þó nokkuð fámennara en undanfarin þing, vegna samþykktar á síðasta þingi sem miðaði að fækkun fulltrúa.

Lárus Blöndal formaður Stjörnunnar var kjörinn formaður laganefndar þingsins og skilaði störfum nefndarinnar með sóma. Þá var Guðrún Magnúsdóttir kjörin í kjörnefnd.

Þingið fór vel fram og voru mörg mál rædd þar en mest bar þó á tillögum til lagabreytinga frá milliþinganefnd. Samþykktar voru nokkrar tillögur frá nefndinni en öðrum var vísað til framkvæmdastjórnar til frekari vinnslu. Af öðrum tillögum sem lágu fyrir þinginu og voru samþykktar má nefna tillögu um að endurskoða afreksstefnu ÍSÍ í samráði við Ólympíunefnd, og tillaga sem hljóðaði upp á úttekt á fjármálum íþróttafélaga. Þá fékk tillaga um jafnrétti innan íþróttahreyfingarinnar þó nokkra umræðu og einnig tillaga um agamál.

Kosning framkvæmdastjórnar fór fram að venju og var Ellert B. Schram kjörinn forseti ÍSÍ með lófataki. Þá voru Magnús Oddsson varaforseti og Friðjón B. Friðjónsson gjaldkeri endurkjörnir með lófataki. Hafsteinn Pálsson f.v. formaður UMSK fékk mjög góða kosningu í framkvæmdastjórn. Auk Hafsteins voru þau Hermann Sigtryggsson, Árni Þór Árnason, Unnur Stefánsdóttir, Lovísa Einarsdóttir og Jens Kristmannsson kjörin í framkvæmdastjórn.

Í varastjórn voru kjörin Sigríður Jónsdóttir, Helga Magnúsdóttir, Jónas Þór Jóhannsson, Jónas Vigfússon og Guðmundur Ólafsson.

Þess má geta að á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ eftir þingið, var Hafsteinn Pálsson einróma kjörinn ritari ÍSÍ. Einnig er hann formaður utanríkisnefndar og lyfjaeftirlitsnefndar. Þá var Lárus Blöndal formaður Stjörnunnar kjörinn í lyfjaeftirlitsnefd, Logi kristjánsson og Valdimar Leó Friðriksson í grasrótarnefnd og einnig þær Ingibjörg Hinriksdóttir og Lovísa Einarsdóttir í umbótanefnd í kvennaíþróttum.

# Samkomur og fundir

| | | |
|---|---|---|
| 15. apríl | Vígsla HK hússins | Svanur Gestsson<br>Birgir Ari Hilmarsson |
| 16. apríl | Sambandsstj.f. ÍSÍ | Svanur Gestsson<br>Birgir Ari Hilmarsson |
| 27. apríl | Aðalf. Stjörnunnar | Birgir Ari Hilmarsson |
| 27. apríl | Aðalf. Gerplu | Birgir Ari Hilmarsson |
| 15.-16. október | Þing ÍSÍ | Auður Gunnarsdóttir<br>Birgir Ari Hilmarsson<br>Einar Sigurðsson<br>Ester Jónsdóttir<br>Guðrún Magnúsdóttir<br>Hilmir Ágústsson<br>Hraunar Daníelsson<br>Höskuldur Gunnarsson<br>Lárus Blöndal<br>Logi Kristjánsson<br>Margrét Bjarnadóttir<br>Sigurjón Guðfinnsson<br>Svanur M. Gestsson<br>Sævar Pálsson |
| 3. nóvember | Vígsla á Smáranum | Svanur M. Gestsson<br>Birgir Ari Hilmarsson |
| 5. nóvember | Aðalfundur Ýmis | Birgir Ari Hilmarsson |
| 5. nóvember | Samb.ráðsf. UMFÍ | Svanur M. Gestsson<br>Birgir Ari Hilmarsson |
| 4. desember | Uppskeruhátíð UMFA | Svanur M. Gestsson |
| 10. desember | Vígsla á félagsheimili Harðar | Svanur M. Gestson |
| 28. desember | Íþróttahátíð Kópavogs | Albert H.N. Valdimarsson<br>Birgir Ari Hilmarsson |

*Þá átti UMSK fulltrúa á þingum flestra sérsambanda á árinu.*

# Skrifstofa UMSK

Skrifstofa UMSK er á 4. hæð í húsi nr. 4, Íþróttamiðstöðinni Laugardal. Þar leigir sambandið herbergi af ÍSÍ. Á árinu fjárfesti sambandið í nýjum tölvubúnaði á skrifstofuna, þ.e. AST Bavo tölvu og litaskanner. ÍSÍ hefur lagt netkerfi um íþróttamiðstöðina og er UMSK nú með aðgang að netinu. Þar er um að ræða ýmis forrit og að sjálfsögðu hið nýja tölvukerfi ÍSÍ. Aðildarfélögin eru hvött til að kynna sér þetta kerfi sem samanstendur af félagatals-, móta-, dagbókar- og bókhaldskerfi. Þá geta félögin nýtt sér þann tækjabúnað sem er á skrifstofunni í samráði við framkvæmdastjóra.

Skrifstofan er opin alla daga og er síminn 5814144-411 þá er einnig hægt að senda fax en faxnúmerið er 5684233.

Birgir Ari Hilmarsson er framkvæmdastjóra sambandsins sem fyrr.

# Fréttabréf UMSK

Þrjú tölublöð af fréttabréfi UMSK komu út á árinu 1994. Reynt var að hafa efni blaðsins sem fjölbreyttast og hefur m.a. verið fjallað mót og viðburði. Fréttabréfið er sent út til u.þ.b. ellefuhundruð áskrifenda auk þess sem það liggur frammi á ýmsum stöðum.

Blaðið er unnið að fullu á skrifstofunni en er fjölritað hjá Stennsli. Allar tillögur um efni í fréttabréfið eru vel þegnar. Greinar um mót og aðra viðburði hjá félögunum eiga fullt erindi í fréttabréfið, og ef einhverjir luma á skemmtilegum greinum eða frásögnum um starfið innan síns félags ættu þeir endilega að hafa samband við framkvæmdastjóra.

Þá eiga fréttir af aðalfundum félaga og upplýsingar um breytingar á stjórnum fullt erindi í fréttabréfið. Einnig ýmsar upplýsingar um æfingatíma þjálfara o.fl. Og auðvitað vonumst við einnig eftir því að fá send fréttabréf þau sem gefin eru út af félögunum.

# 21. Landsmót UMFÍ

Í skýrslu þessari er lýst að nokkru leyti þeirri vinnu sem fram fór á vegum UMSK vegna landsmótsins á Laugarvatni dagana 14. - 17. júlí s.l.

## Landsmótsnefndin

Á haustdögum 1993 skipaði stjórn UMSK landsmótsnefnd, sem annast skyldi undirbúning vegna þátttöku UMSK í 21. Landsmóti UMFÍ 1994. Í nefndina voru valdar þær Ester Jónsdóttir, Alda Helgadóttir og Jóna Þorvarðardóttir. Þá starfaði með nefndinni Birgir Ari Hilmarsson framkvæmdastjóri UMSK. Nefndin fór ekki í neina sértaka fjáröflun að þessu sinni en stjórn UMSK hafði lagt fyrir talsverða upphæð í landsmótssjóð. Þó var ákveðið að selja auglýsingu á búninga liðsins. Gengið var til samninga við Einar J. Skúlason hf og fekk UMSK ákveðna upphæð frá fyrirtækinu sem tekin skildi út í vörum og kom það sér vel því fyrir dyrum stóð að endurnýja tölvubúnað á skrifstofu sambandsins.

Eitt fyrsta verk nefndarinnar var að velja sérgreinastjóra í hinum ýmsu greinum sem keppt skyldi í og í framhaldi af því voru haldnir fundir með einstökum sérgreinastjórum og farið yfir alla þætti varðandi viðkomandi grein.

## Búningar

Lið UMSK mætti til mótsins í nýjum búningum að þessu sinni. Búningarnir sem keyptir voru hjá Sænsk-íslenska hf. voru grænir að lit og vöktu þeir mikla athygli á mótinu enda sérlega smekklegir. Þá fengust þeir á alveg einstöku verði og voru alls keyptir 400 búningar. Liturinn var valinn með tilliti til litasamsetningar í merki UMSK. Að þessu sinni voru búningar afhentir öllum keppendum, þjálfurum og fararstjórum þeim að kostnaðarlausu. Einnig voru ferðir og matur á mótinu liðinu að kostnaðarlausu og mæltist þetta fyrirkomulag að sjálfsögðu vel fyrir meðal keppenda.

## Mótið

Mótið var afar vel skipulagt hjá heimamönnum og gengu allir dagskrárliðir mjög vel fyrir sig. Þá var svæðið ákaflega gott þá sértaklega hinn nýi glæsilegi frjálsíþróttavöllur. Einna síst var grassvæðið sem knattspyrnumenn urðu að notast við, bæði var það langt frá sjálfu mótssvæðinu og þá var það dálítið þíft og erfitt að spila á því. Veðrið lét þó heldur taka eftir sér, bæði var rok megnið af mótinu og einnig rigndi dálítið. En HSK mönnum og Laugvetningum ber að þakka fyrir gott mót.

## Mötuneyti

Að venju var sett upp mötuneyti í stóra tjaldi sambandsins og var þar afgreiddur matur til keppenda og fylgifiska UMSK. Fjölmargir lögðu hönd á plóginn í sambandi við það, bæði með því

að taka vaktir í tjaldinu og einnig með því að afla hráefnis, ýmist ókeypis eða með góðum afslætti og voru ófá fyrirtækin sem styrktu liðið með matvælum. Enda var kostnaður við fæði handa öllum þeim fjölda sem sótti tjaldið heim ótrúlega lítill. Það er ljóst að mikil vinna liggur á bak við að reka mötuneyti fyrir 400 manns við þá fábrotnu aðstöðu sem fyrir hendi er í tjaldi og ber að þakka þeim konum og körlum sem þar lögðu hönd á plóginn.

## Stigakeppnin

Lið UMSK lenti í 2. sæti í heildarstigakeppninni með 524 landsmótsstig, en HSK vann mótið að þessu sinni með 628,5 stig. Hér á eftir verða raktar einstakar greinar sem UMSK keppti í en við tókum þátt í öllum landsmótsgreinum nema í glímu þar sem keppandi okkar mætti ekki.

## Blak

Blakliðið okkar sigrað glæsilega í blaki karla. Liðið var skipað leikmönnum úr HK og Stjörnunni. Sérgreinastjóri var Albert H.N. Valdimarsson.

## Borðtennis

Við urðum að láta okkur lynda annað sætið í borðtennis að þessu sinni en sigur náðist þó karlakeppninni og stúlkurnar urðu í öðru sæti. Sérgreinastjóri var Albrecht Ehmann.

## Bridds

Miklar vonir voru bundnar við briddsliðið okkar, enda liðið skipað úrvalsmönnum. Liðið varð þó að láta sér nægja 4. sætið í í mjög svo harðri keppni. Sérgreinastjóri var Trausti Finnbogason.

## Fimleikar

Lið okkar vann fimleikakeppnina, en vegna þess að aðeins mættu þrjú lið til keppni var hún ekki reiknuð til stiga. Sérgreinastjóri var Elsa Jónsdóttir.

## Frjálsar íþróttir

Frjálsar íþróttir er sú grein sem jafnan er mest áberandi á landsmóti. Við hrepptum annað sætið í frjálsíþróttakeppninni en mikill uppgangur er í frjálsum íþróttum hjá okkar fólki um þessar mundir. Liðið setti þó nokkur landsmótsmet.

Okkar fólk sigraði eftirtaldar greinar:

| | | |
|---|---|---|
| 100 m. hlaup karla | Hörður Gunnarsson | |
| 400 m. hlaup karla | Egill Eiðsson | |
| 800 m. hlaup kvenna | Fríða Rún Þórðardóttir | Landsmótsmet |
| 1500 m. hlaup kvenna | Fríða Rún Þórðardóttir | Landsmótsmet |
| 3000 m. hlaup kvenna | Fríða Rún Þórðardóttir | Landsmótsmet |
| 4x100 m. boðhlaup | Karlasveit UMSK | Landsmótsmet |
| 1000. m. boðhlaup | Karlasveit UMSK | Landsmótsmet |
| Spjótkast karla | Unnar Garðarsson | |

Þá varð Fríða Rún Þórðardóttir stigahæsta kona keppninnar. Sérgreinastjóri var Eyjólfur Árni Rafnsson.

## Handknattleikur

Það var lið Stjörnunnar í Garðabæ sem keppti fyrir UMSK í handknattleik. Liðið sigraði keppnina glæsilega. Keppnin fór að

venju fram utandyra og setti veðrið sitt mark á keppnina sem var hin skemmtilegasta. Markahæst í keppninni var Laufey Sigvaldadóttir með 24 mörk í þremur leikjum. Sérgreinastjóri var Kristján Halldórsson.

## Knattspyrna karla

Liðið sem UMSK tefldi fram að þessu sinni var að meginhluta skipað leikmönnum úr 2. flokki Breiðabliks. Það kom til vegna anna hjá leikmönnum meistaraflokka. Strákarnir náðu að sýna hvað í þeim býr og hrepptu þriðja sætið. Sérgreinastjóri var Andrés Pétursson.

## Knattspyrna kvenna

Það var sama upp á teningnum hjá stelpunum því vegna anna meistaraflokka var liðið að mestu leyti skipað stelpum úr 2. flokk. Stelpurnar hrepptu þriðja sætið eins og strákarnir. Sérgreinastjóri var Ingibjörg Hinriksdóttir.

## Körfuknattleikur

Körfuknattleikskeppni á landsmóti er jafnan hörð, enda mörg úrvalsdeildarlið í keppninni. Forkeppni fór fram um vorið og komst lið okkar áfram í keppnina á landsmóti. UMSK stillti fram 1. deildarliði Breiðabliks í keppninni og hafnaði liðið í 6. sæti keppninnar. Sérgreinastjóri var Haukur Hauksson.

## Skák

Lið UMSK vann öruggan sigur í skákkeppninni, fengu tvo og hálfan vinning meira en næsta lið. Það voru strákar úr Garðabænum sem tefldu svona glæsilega. Sérgreinastjóri var Leifur Vilmundarson

## Starfsíþróttir

UMSK hefur löngum átt erfitt í starfsíþróttum en þarna var algjört fall og verður að taka á þessum málum fyrir næsta landsmót. Við áttum fólk í öllum greinum en náðum aðeins í stig í dráttarvélakstri. Keppendur stóðu sig þó allir vel en keppnin var mjög hörð og er spurning hvort nóg sé að kalla saman lið svo skömmu fyrir landsmót sem gert var. Sérgreinastjóri var Jóna Þorvarðardóttir.

## Sund

Sundlið UMSK náði öðru sæti í sundkeppninni. Liðið er ungt verður þetta því að teljast frábær árangur. Bestum árangri í sundi náði Hrafnhildur Hákonardóttir en hún sigraði í 100 m. skriðsundi á tímanum 1:02,8 mín. Sérgreinastjóri var Hraunar Daníelsson

## Sýningargreinar

UMSK átti þátttakendur í eftirtöldum sýningargreinum mótsins: Íþróttum fatlaðra, hestaíþróttum, stafsetningarkeppni, æskuhlaupi og 65-greinum.

Landsmótsnefndin vill að lokum þakka þeim fjölmörgu sem lögðust á eitt um að gera þátttöku UMSK sem glæsilegasta á 21. Landsmóti UMFÍ fyrir frábær störf.



*UMSK liðið gengur inn á íþróttavöllinn, við setningu landsmóts.*



*UMSK vann þrefalt í 100 m. hlaupi það voru þeir Hörður Gunnarsson sem sigraði, Egill Eiðsson 2. sæti og Kristjón Friðjónsson 3. sæti.*



*Kristján Sveinbjörnsson, formaður landsmótsnefndar 20. Landsmóts UMFÍ afhenti Þóri Haraldssyni formanni landsmótsnefndar 21. landsmóts, fána mótsins.*

# Ný félög

Fimm félög sóttu um aðild að sambandinu á árinu. Þessi félög eru Golfklúbburinn Oddur, Íþróttadeild Hestamannafélagsins Sóta, Golfklúbbur Ness og Íþróttafélag aldraðra í Kópavogi. Þá var sótt um leyfi til að endurnýja aðild Knattspyrnufélagsins Augnabliks.

Fjögur af þessum fimm félögum hafa nú fengið samþykki stjórnar sambandsins um aðild en bíða nú staðfestingar ársþings.

Á stjórnarfundi UMSK þann 6. júní s.l. samþykkti stjórn UMSK aðild Golfklúbbsins Odds um aðild að sambandinu.

Á stjórnarfundi UMSK þann 12. desember s.l. var samþykkt aðild íþróttadeildar Hestamannafélagsins Sóta.

Á stjórnarfundi UMSK þann 6. febrúar s.l. var síðan samþykkt aðildi Golfklúbbs Ness og einnig endurnýjuð aðild Augnabliks.

Þá liggur nú fyrir stjórn umsókn um aðild frá Íþróttafélagi aldraðra í Kópavogi.

## Golfklúbburinn Oddur

Golfklúbburinn Oddur var stofnaður 14. júlí 1993 og hefur aðsetur á Urriðakotsvelli í Garðabæ. Stofnfélagar voru 12 og hefur félagið vaxið hratt. Félagið hefur staðið fyrir golfmótum og æfingum. Formaður Odds er Óskar G. Sigurðsson.

## Íþróttadeild Sóta

Íþróttadeild Hestamannafélagsins Sóta var stofnuð 30. maí 1994 og voru stofnfélagar 83. Félagið er með aðsetur í Bessastaðahrepp og stendur fyrir íþróttaiðkunum á hestum. Formaður íþróttadeildarinnar er Jörundur Jökulsson.

## Golfklúbbur Ness

Golfklúbbur Ness var stofnaður 1964 og hefur verið starfandi allar götur síðan með aðild að ÍBR en vegna staðsetningar sinnar, var samþykkt á aðalfundi félagsins, þann 26. nóvember s.l. að færa aðild sína frá ÍBR til UMSK. Félagið hefur um árabil verið með virkustu golfklúbbum landsins og eru félagar alls 198. Formaður klúbbsins er Hörður Bergsteinsson.

## Augnablik

Knattspyrnufélagið Augnablik var upphaflega stofnað 1981 en hefur legið í dvala síðustu ár. Félagið var síðan endurvakið þann 27. desember s.l. og voru það 12 félagar sem mættu á endurvakningarfund. Markmið félagsins er að iðka knattspyrnu, glæða áhuga á þeirri íþrótt og stuðla að bættri aðstöðu til iðkunar hennar. Formaður Augnabliks er Tómas Eiríksson.

## Íþróttaf. aldraðra Kópavogi

Íþróttafélag aldraðra í Kópavogi var stofnað 13. október s.l. Tilgangur félagsins er að vinna að styrkingu, vellíðan og gleði aldraðra með iðkun íþrótta utan og innan húss. Stofnfélagar voru 50 talsins. Formaður félagsins er Elísabet Hannesdóttir.

# Starfsskýrslur

Mikilvægi þess að félögin vandi starfsskýrslur sínar á öllum að vera ljóst sem hugleiða tilgang þeirra. Með skýrslunum þurfa að berast félagatöl og nú samkvæmt samþykkt síðasta sambandsstjórnarfundar ÍSÍ, iðkendatöl. Eftir iðkendatölum fer síðan fulltrúafjöldi á sérsambandaþingum. Flestir sinna þessu starfi mjög vel og er það til fyrirmyndar. Því miður hafa ekki allir skilað inn sínum skýrslum enn þann dag í dag og eru því í banni hjá ÍSÍ.

Skilafrestur á skýrslum til UMSK er 1. apríl, því skila þarf til ÍSÍ fyrir 15. apríl. Að öðrum kosti eiga félög yfir höfði sér keppnisbann. Að auki gildir sú regla hjá UMFÍ að lottógreiðslur falla niður til sambandsaðila vegna félaga sem ekki skila inn starfsskýrslum og **félagatali** þar til skil eiga sér stað.

Aðildarfélög UMSK eru hvött til þess að skila sínum starfsskýrslum ásamt **félagatali** og **iðkendatali** tímanlega svo ekki komi til **keppnisbanns** af hálfu ÍSÍ eða **lækkun á greiðslum** frá UMFÍ af hagnaði rekstrar Íslenskrar Getspár.

Athugið að samkvæmt skilgreiningu ÍSÍ á iðkanda þarf iðkandi að vera félagi í viðkomandi félagi.

# Knattspyrnunefnd UMSK

Tveir fundir voru haldnir í Knattspyrnunefnd UMSK á árinu 1994 og var á fyrri fundinum einkum fjallað um skipulag knattspyrnumótsins sem haldið var í september. Á seinni fundinum var farið yfir tillögur og annað sem snéri að ársþingi KSÍ. Þingið var haldið á Akranesi dagana 3. og 4. desember s.l.

## Knattspyrnumót UMSK 1994

Héraðsmót UMSK í knattspyrnu fór fram í september s.l. og var í umsjón knattspyrnunefndar. Sem fyrr var mótinu skipt á milli deildanna og sá Afturelding um 3. flokk kvenna, Breiðablik um 4. og 5. flokk kvenna. Grótta sá um 5. og 6. flokk karla, HK um 3. og 4. flokk drengja og Stjarnan sá um mótið í 2. flokki kvenna. Mótið gekk almennt mjög vel fyrir sig og voru veitt verðlaun fyrir fyrstu sæti.

# Sundnefnd UMSK

Sund var æft hjá þremur félögum innan sambandsins, Aftureldingu, Breiðabliki og Stjörnunni. Keppt var undir merkjum UMSK á Unglingamóti-KR, Landsmóti ungmennafélaganna á Laugarvatni og í Bikarkeppni SSÍ. Samvinna milla félaganna var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Héraðsmót var haldið í sundlauginni Ágarði Garðabæ 13. maí. Sunddeild Stjörnunnar sá um framkvæmd mótsins og var hún öll til fyrirmyndar. Næsta héraðsmót verður haldið í Sundlaug Kópavogs.

Keppendur frá Aftureldingu og Stjörnunni kepptu á AMÍ á Akranesi. Þar vannst einn titill. Bryndís Ólafsdóttir varð aldurflokkameistari meyja í 100 m. skriðsundi.

22 sundmenn kepptu undir merkjum UMSK á Landsmótinu á Laugarvatni 15. - 17. júlí. UMSK hlaut 129,5 stig og varð í öðru sæti. Stigahæst kvenna var Hrafnhildur Hákonardóttir með 13 stig. Stigahæstur karla var Þorvaldur Árnason með 12 stig. Bestum árangri einstakra sundmanna náði Hrafnhildur Hákonardóttir, en hún sigraði í 100m skriðsundi á tímanum 1:02:8 og var það besta afrek kvenna á mótinu.

Lið UMSK tók þátt í bikarkeppni SSÍ I. deild. Liðið hlaut 21190 stig og varð 6. og neðsta sæti og féll því í II. deild. Þetta eru heldur fleiri stig en liðið fékk þegar það fór upp í I. deild.

Í nóvember sl. keppti Birkir Rúnar Gunnarsson á heimsmeistaramóti fatlaðra á Möltu. Þar hlaut hann:

Silfurverðlaun í 100 m bringusundi
Silfurverðlaun í 200 m fjórsundi

# Úrslit í sundmóti UMSK

## Hnokkar
**f. 84 og 85**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **50 m. bringusund** | | | |
| 1. | Andri Már Guðmundsson | Afturelding | 01:01:23 |
| 2. | Örn Sigurðsson | Afturelding | 01:10:51 |
| 3. | Magnús Andri Pálsson | Afturelding | Ógilt |
| **50 m. baksund** | | | |
| 1. | Örn Sigurðsson | Afturelding | Ógilt |
| 2. | Andri Már Guðmundsson | Afturelding | Ógilt |
| **50 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Örn Sigurðsson | Afturelding | 00:51:70 |
| 2. | Magnús Andri Pálsson | Afturelding | 01:05:36 |
| 3. | Andri Már Guðmundsson | Afturelding | 01:10:12 |

## Hnátur
**f.84 og 85**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **50 m. bringusund** | | | |
| 1. | Þuríður Eiríksdóttir | Breiðablik | 00:49:64 |
| 2. | Kristín Helga Knútsdóttir | Stjarnan | 00:53:25 |
| 3. | Ragnheiður Ragnarsdóttir | Stjarnan | 00:54:70 |

## Hnátur
framhald

**50 m. baksund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Þuríður Eiríksdóttir | Breiðablik | 00:50:05 |
| 2. | Kristín Helga Knútsdóttir | Stjarnan | 00:50:63 |
| 3. | Ragnheiður Ragnarsdóttir | Stjarnan | Mætti ekki |

**50 m. skriðsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Þuríður Eiríksdóttir | Breiðablik | 00:40:10 |
| 2. | Kristín Helga Knútsdóttir | Stjarnan | 00:43:66 |
| 3. | Ragnheiður Ragnarsdóttir | Stjarnan | 00:44:73 |

**100 m. fjórsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Þuríður Eiríksdóttir | Breiðablik | 01:42:61 |
| 2. | Kristín Helga Knútsdóttir | Stjarnan | 01:45:32 |

## Sveinar
f. 82 og 83

**100 m. bringusund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Karl Lárusson | Afturelding | 01:42:17 |
| 2. | Stefán Karl Sævarsson | Breiðablik | 01:43:53 |
| 3. | Arnþór B. Egilsson | Breiðablik | 01:45:26 |

**100 m. baksund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Eiríkur Lárusson | Afturelding | 01:37:75 |
| 2. | Karl Lárusson | Afturelding | 01:41:49 |
| 3. | Stefán Karl Sævarsson | Breiðablik | 01:57:46 |

**100 m. skriðsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Eiríkur Lárusson | Afturelding | 01:24:80 |
| 2. | Karl Lárusson | Afturelding | 01:28:11 |
| 3. | Stefán Karl Sævarsson | Breiðablik | 01:31:08 |

**200 m. fjórsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Eiríkur Lárusson | Afturelding | 03:33:18 |
| 2. | Stefán Karl Sævarsson | Breiðablik | 03:38:60 |
| 3. | Karl Lárusson | Afturelding | 03:41:95 |

## Meyjar
f. 82 og 83

**100 m. bringsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Arna B. Arnarsdóttir | Breiðablik | 01:39:86 |
| 2. | Lilja Kjalarsdóttir | Stjarnan | 01:39:91 |
| 3. | Ellen Sverrisdóttir | Stjarnan | 01:40:28 |

**100 m. baksund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Gígja Hrönn Árnadóttir | Afturelding | 01:38:28 |
| 2. | Eva Hrönn Jónsdóttir | Afturelding | 01:39:86 |
| 3. | Anna Guðný Hallgrímsdóttir | Stjarnan | 01:43:02 |

**100 m. Skriðsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Bryndís Ólafsdóttir | Stjarnan | 01:10:50 |
| 2. | Gígja Hrönn Árnadóttir | Afturelding | 01:18:97 |
| 3. | Steinunn Skúladóttir | Breiðablik | 01:21:49 |

**200 m. fjórsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Bryndís Ólafsdóttir | Stjarnan | 03:04:70 |
| 2. | Gígja Hrönn Árnadóttir | Afturelding | 03:17:63 |
| 3. | Ragnheiður Sigurðardóttir | Afturelding | 03:27:71 |

## Drengir
f. 80 og 81

**100 m. bringusund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Tómas Sturlaugsson | Breiðablik | 01:26:42 |
| 2. | Karl Adolf Ármannsson | Breiðablik | 01:39:39 |
| 3. | Björn Þ. Guðmundsson | Breiðablik | 01:40:25 |

**100 m. baksund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Tómas Sturlaugsson | Breiðablik | 01:16:59 |
| 2. | Björn Þ. Guðmundsson | Breiðablik | 01:25:20 |
| 3. | Guðmundur Pétursson | Afturelding | 01:37:78 |

**100 m. skriðsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Tómas Sturlaugsson | Breiðablik | 01:03:59 |
| 2. | Björn Þ. Guðmundsson | Breiðablik | 01:16:14 |
| 3. | Arnar Felix Einarsson | Breiðablik | 01:21:69 |

**Drengir**
**framhald**

**200 m. fjórsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Tómas Sturlaugsson | Breiðablik | 02:42:65 |
| 2. | Björn Þ. Guðmundsson | Breiðablik | 03:14:20 |
| 3. | Guðmundur Pétursson | Afturelding | 03:31:26 |

**Telpur**
**f. 80 og 81**

**100 m. bringusund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sigríður Olga Magnúsdóttir | Stjarnan | 01:26:71 |
| 2. | Stella S. Jóhannesdóttir | Breiðablik | 01:33:82 |
| 3. | Alda Birgisdóttir | Stjarnan | 01:36:96 |

**100 m. baksund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sigríður Olga Magnúsdóttir | Stjarnan | 01:20:78 |
| 2. | Oddbjörg Kristjánsdóttir | Breiðablik | 01:37:79 |
| 3. | Alda Birgisdóttir | Stjarnan | 01:39:47 |

**100 m. skriðsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sigríður Olga Magnúsdóttir | Stjarnan | 01:09:28 |
| 2. | Hildur Rúdolfsdóttir | Breiðablik | 01:14:95 |
| 3. | Kristín V. Matthíasdóttir | Breiðablik | 01:18:42 |

**200 m. fjórsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sigríður Olga Magnúsdóttir | Stjarnan | 02:53:22 |
| 2. | Kristín V. Matthíasdóttir | Breiðablik | 03:10:95 |
| 3. | Hildur Rúdolfsdóttir | Breiðablik | 03:15:49 |

**Karlar / Piltar**
**f. 79 og fyrr**

**200 m. bringusund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Þorvaldur Árnason | Afturelding | 02:35:63 |
| 2. | Kristján Kristjánsson | Breiðablik | 02:48:88 |
| 3. | Ingþór Eiríksson | Breiðablik | 02:50:17 |

**100 m. baksund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Geir Birgisson | Afturelding | 01:13:71 |
| 2. | Reynir Þór Hubner | Afturelding | 01:18:48 |
| 3. | Kristján R. Kristjánsson | Breiðablik | 01:19:31 |

**100 m. skriðsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Geir Birgisson | Afturelding | 00:58:28 |
| 2. | Þorvaldur Árnason | Afturelding | 00:58:71 |
| 3. | Kristján R. Kristjánsson | Breiðablik | 01:01:36 |

**100 m. flugsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Geir Birgisson | Afturelding | 01:07:44 |
| 2. | Þorvaldur Árnason | Afturelding | 01:08:16 |
| 1. | Kári Sverrisson | Afturelding | 01:15:49 |

**Konur / Stúlkur**
**f. 79 og fyrr**

**200 m. bringusund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Eva B. Björnsdóttir | Afturelding | 03:10:76 |
| 2. | Ólafía Lárusdóttir | Afturelding | 03:15:84 |
| 3. | Víóletta Ó Hlöðversdóttir | Stjarnan | 03:25:99 |

**100 m. baksund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hrafnhildur Hákonard. | Afturelding | 01:14:40 |
| 2. | Eva B. Björnsdóttir | Afturelding | 01:21:16 |
| 3. | Víóletta Ó Hlöðversdóttir | Stjarnan | 01:26:54 |

**100 m. skriðsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hrafnhildur Hákonard. | Afturelding | 01:06:40 |
| 2. | Elín Pálsdóttir | Afturelding | 01:08:32 |
| 3. | Víóletta Ó Hlöðversdóttir | Stjarnan | 01:11:15 |

**100 m. flugsund**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Elín Pálsdóttir | Afturelding | 01:19:39 |
| 2. | Ólöf J. Kjartansdóttir | Breiðablik | 01:33:68 |
| 3. | Erna Rós Bragadóttir | Breiðablik | 01:33:94 |

# Héraðsmet í sundi

## Héraðsmet UMSK í sundi 1994

## Konur:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 50 m | skrið | 00.29,01 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 91 |
| 100 m | skrið | 01.01,68 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 200 m | skrið | 02.19,61 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 91 |
| 400 m | skrið | 04.58,94 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 91 |
| 800 m | skrið | 10.08,44 mín | Eva B. Björnsdóttir | UBK | 94 |
| 50 m | bringa | 00.38,30 mín | Laufey Sigurbergsdóttir | UBK | 89 |
| 100 m | bringa | 01.14,14 mín | Ragnheiður Runólfsdóttir | UMFA | 93 |
| 200 m | bringa | 02.40,03 mín | Ragnheiður Runólfsdóttir | UMFA | 93 |
| 50 m | bak | 00.33,28 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 100 m | bak | 01.09,36 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 200 m | bak | 02.30,98 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 50 m | flug | 00.32,96 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 100 m | flug | 01.13,04 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 200 m | flug | 02.42,32 mín | Rán Sturlaugsdóttir | UBK | 94 |
| 100 m | fjór | 01.15,50 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 91 |
| 200 m | fjór | 02.29,73 mín | Ragnheiður Runólfsdóttir | UMFA | 93 |
| 400 m | fjór | 05.50,67 mín | Sigríður O. Magnúsdóttir | Stjarnan | 94 |
| 4x50 m | fjór | 02.28,85 mín | Stúlknasveit UMFA | | 92 |
| 4x100 m | fjór | 05.02,00 mín | Kvennasveit UMSK | | 94 |
| 4x100 m | flug | 06.42,46 mín | Telpnasveit Stjörnunnar | Íslandsm. | 93 |
| 4x100 m | skrið | 04.27,30 mín | Kvennasveit UMSK | | 94 |

## Karlar:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 50 m | skrið | 00.25,46 mín | Arnoddur Erlendsson | UBK | 94 |
| 100 m | skrið | 00.55,48 mín | Einar Hrafn Jóhannsson | UBK | 93 |
| 200 m | skrið | 02.04,87 mín | Einar Hrafn Jóhannsson | UBK | 92 |
| 400 m | skrið | 04.25,17 mín | Geir Birgisson | UMFA | 90 |
| 800 m | skrið | 09.15,00 mín | Heimir Örn Sveinsson | UBK | 92 |
| 1500 m | skrið | 17.22,87 mín | Tómas Sturlaugsson | UBK | 94 |
| 50 m | bringa | 00.32,04 mín | Arnoddur Erlendsson | UBK | 94 |
| 100 m | bringa | 01.10,30 mín | Þorvaldur Árnason | UMFA | 94 |
| 200 m | bringa | 02.31,55 mín | Þorvaldur Árnason | UMFA | 94 |
| 50 m | bak | 00.31,46 mín | Kristján Sigurðsson | UMFA | 91 |
| 100 m | bak | 01.04,86 mín | Geir Birgisson | UMFA | 92 |
| 200 m | bak | 02.24,87 mín | Geir Birgisson | UMFA | 92 |
| 50 m | flug | 00.29,06 mín | Geir Birgisson | UMFA | 94 |
| 100 m | flug | 01.03,39 mín | Geir Birgisson | UMFA | 94 |
| 200 m | flug | 02.20,60 mín | Kristján Sigurðsson | UMFA | 90 |
| 100 m | fjór | 01.11,29 mín | Kristján R. Kristjánsson | UBK | 94 |
| 200 m | fjór | 02.19,26 mín | Kristján Sigurðsson | UMFA | 91 |
| 400 m | fjór | 05.02,15 mín | Geir Birgisson | UMFA | 90 |
| 8x50 m | skrið | 03.39,82 mín | Piltasveit UMSK | | 91 |
| 4x100 m | skrið | 03.57,51 mín | Karlasveit UMSK | | 94 |
| 4x100 m | bringa | 05.04,70 mín | Piltasveit UMSK | Íslandsm. | 91 |
| 4x50 m | fjór | 02.19,27 mín | Piltasveit UMFA | | 92 |
| 4x100 m | fjór | 04.26,87 mín | Karlasveit UMSK | | 94 |

# Frjálsíþróttanefnd UMSK

Á vordögum fór fram héraðsmót í frjálsum íþróttum innanhúss. UMFA og UBK tóku sig saman að vanda og kepptu í nafni UMSK í fyrstu deild bikarkeppni FRÍ. Keppnin endaði með því að lið UMSK hafnaði í þriðja sæti.

